

Fundargerð - Stjórn FRÍ

| | |
|------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fundur númer: | 22. fundur stjórnar FRÍ 2024-2026 |
| Auglýstur tími: | Fimmtudagur 12. febrúar 2026 (16.15 til 17.45) |
| Staðsetning: | Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Google Meet. |
| Fundarstjórn: | Freyr Ólafsson |
| Fundarritun: | Haukur Björnsson |
| Fundarmæting: | Aðalstjórn: Auður Árnadóttir (AÁ), Freyr Ólafsson (FÓ), Haukur (HB), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Sveinn Margeirsson (SM) Varastjórn: Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP), Rannveig Oddsdóttir (RO) Forfölluð: Björgvin Víkingsson (BV), Hallgrímur Egilsson (HE), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ) Skrifstofa: Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ Gestir: Unnur Björnsdóttir, formaður skráningarnefndar |

Fundur settur kl. 16.16.

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Fundargerðir: Fundargerð 21. fundar samþykkt samhljóða.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi:
 - Engin rafrænt afgreidd erindi.

2. Frjálsíþróttaping og undirbúningur

- Skýrsla og útgáfa: GK og HB falið að skoða efni ársskýrslu.
- Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum: Nokkur mál eru nú þegar í skoðun vegna mögulegra reglugerðabreytinga. Boðað verður til sérstaks vinnufundar til að vinna tillögur áfram.

3. Styrkbeiðnir

- Beiðni frá undirbúningsnefnd 100. Meistaramóts FRÍ kynnt og rædd. GK og FÓ falið að vinna að útfærslu hugmynda í samstarfi við nefndina, og kanna fýsileika þess að fá samstarfsaðila í ákveðna hluta mótsins.
- Beiðni frá mótshaldara Íslandsmeistaramóts í götumíluhlaupi. Stjórn FRÍ fagnar framtakinu og leggur því lið líkt og öðrum almenningshlaupum, en mun ekki styrkja það fjárhagslega umfram önnur mót.
- Beiðni um styrk vegna umboðsmannshlutverks. Stjórn fagnar því að viðkomandi hafi fengið vottun sem umboðsmaður frjálsíþróttafólks. Stjórn og skrifstofa munu styðja við viðkomandi eins og kostur er en mun ekki veita fjárhagslega styrki að svo komnu máli.

4. Tæknimál

Unnur Björnsdóttir, formaður skráningarnefndar FRÍ, kom inn á fund undir þessum fundarlið og kynnti stöðu innleiðingar á Roster Athletics og Tilastopaja. Nánast öll vallarmót á innanhústímabili hafa verið haldin í Roster og innleiðingin hefur gengið vel. Innleiðing afrekaskrár Tilastopaja og yfirfærsla gagna er einnig langt komin en einhver „tiltektarvinna“ er eftir. Stjórn fagnar framtakinu og þakkar þeim sem hafa lagt hönd plóg, og mótshöldurum fyrir þolinmæði og frumkvæði þegar kemur að notkun þeirra. Stjórn leggur þó til að hlaupahöldurum verði áfram gert kleift að nýta aðrar lausnir, að því gefnu að gögn uppfylli tæknileg skilyrði, og að skrifstofa FRÍ hafi samþykkt og yfirfærslu úrslita áfram á höndum.

5. Önnur mál

- **Ósk frjálsíþróttadeildar Umf. Fjölnis um að félagið gefi frá sér framkvæmd bikarkeppni FRÍ utanhúss árið 2026.** Þar sem um fordæmisgefandi mál yrði að ræða getur stjórn FRÍ ekki samþykkt ósk Fjölnis, en leggur til að Fjölirnir kalli eftir samstarfi við önnur félög og taki málið upp á væntanlegu frjálsíþróttabingi.
- **Ósk frjálsíþróttadeildar Umf. Fjölnis um að bæði kyn keppi ávallt í stangarstökki á bikarkeppnum fullorðinna.** Stjórn biðst afsökunar töf sem hefur orðið á svari. Ljóst er að breytingin krefst þess að reglugerð verði uppfærð og hvetur stjórn því Fjölni til að leggja málið fyrir frjálsíþróttabing í vor.
- **Fyrirspurn iðkanda vegna vals á landsliði í utanvegahlaupum.** Í fyrirspurninni var farið fram á að stjórn FRÍ meti hvort vinnubrögð langhlaupanefndar og framkvæmd hafi verið sanngjörn með hliðsjón að um endurkomu eftir barnsburð var að ræða, og standist vinnureglur sambandsins. Í aðdraganda fundar kallaði stjórn eftir greinargerð formanns langhlaupanefndar. Stjórn telur að nefndin hafi farið eftir vinnureglum og valið var í samræmi við valreglur og auglýsingu. Stjórn telur þó að vinnulagið sé ekki hafið yfir gagnrýni, og rétt er að taka fram að töluverðar umræður sköpuðust um valið í langhlaupanefnd. Stjórn leggur því til að valreglur og vinnureglur verði ræddar sérstaklega á frjálsíþróttabingi í vor, m.a. með hliðsjón af þessu máli.
- **Umsókn Hauka og Þróttar um aðild að FRÍ.** Stjórn fagnar áhuganum og samþykkir inngöngu félaganna, að því gefnu að umbeðin gögn og staðfestingar hafi verið sendar á skrifstofu FRÍ.
- **Þjóðarleikvangur og framlenging samkomulags við ríki.** FÓ fór yfir stöðu máls. Umræður.

Öðrum málum frestað og ekki fleira gert. Fundi slitið kl. 17.52.

Fylgigögn:

- Engin fylgigögn.